

Einstaklingsmiðað heilbrigðiskerfi

Ár eftir ár birtast fréttir í fjölmáluum um fjárvorku heilbrigðisstofnana, biðlista og lokun deilda. Sumir telja að róttækar og heildstæðar hugmyndir þurfi til að leysa ýmis viðvarandi vandamál heilbrigðiskerfisins. Bolli Héðinsson er hagfræðingur, ráðgjafi hjá IMG-Deloitte og fyrrverandi formaður tryggingaráðs. Hann hefur á undanförnum árum þróað og kynnt hugmyndir um einstaklingsmiðað heilbrigðiskerfi. Í upphafi liggur beinast við að spryja Bolla hvernig hann skilgreinir þetta hugtak.

„Með hugmyndinni um einstaklingsmiðað heilbrigðiskerfi er búin til andstæða við ríkjandi ástand, sem er stofnanamiðað kerfi. Í stofnanamiðuðu kerfi gengur allt út á það að reyna að halda heilbrigðisstofnunum innan ramma fjárveitinga. Þess vegna er reynt að spara með því að loka deildum, beita flötum niðurskurði í öllum rekstrinum o.p.h. Ef ríkið hins vegar tengir fjárveitingarnar við einstaklinginn sem verið er að þjónusta, og sem ríkið hefur ábyrgst greiðslu fyrir, þá snýst eðli rekstrarins við. Þannig verður umönnun hvers sjúklings að „tekjuhvata“ fyrir viðkomandi heilbrigðisstofnun í stað útgjalda líkt og nú er. Stofnunin hefur hvata af því að þjónusta einstaklinginn og ríkisvald-ið tryggir að fjármagnið fylgi sjúklingnum og þörfum hans.

Með þessu er engan veginn verið að leggja mat á eignarhald eða boða



Bolli Héðinsson, hagfræðingur og ráðgjafi hjá IMG-Deloitte.

„Með hugmyndinni um einstaklingsmiðað heilbrigðiskerfi er búin til andstæða við ríkjandi ástand, sem er stofnanamiðað kerfi. Þess vegna er reynt að spara með því að loka deildum, beita flötum niðurskurði í öllum rekstrinum o.p.h. Ef ríkið hins vegar tengir fjárveitingarnar við einstaklinginn sem verið er að þjónusta, og sem ríkið hefur ábyrgst greiðslu fyrir, þá snýst eðli rekstrarins við. Þannig verður umönnun hvers sjúklings að „tekjuhvata“ fyrir viðkomandi heilbrigðisstofnun í stað útgjalda líkt og nú er. Stofnunin hefur hvata af því að þjónusta einstaklinginn og ríkisvald-ið tryggir að fjármagnið fylgi sjúklingnum og þörfum hans.“

einkavæðingu. Ég tel t.d. að þegar Landspítaliháskólasjúkrahús varð til þá hefði Háskólinn átt að fá þá stofnun til rekstrar, vegna umfangs spítalans sem tengist kennslu heilbrigðisstéttu og skipulags hans sem því tengist. Kennsla og vísindarannsóknir á Landspítala eru að sjálfssögðu nauðsynlegar, en í reynd óviðkomandi meðferð og lækningu ein-

Jón Svaravsson/MOTIV mynd

stakra sjúklinga og ber því ekki að flokka sem kostnað við heilbrigðiskerfið sem slíkt.“

- *Fyrsta bugsunin sem vaknar við að beyra þetta er sú að við þetta gæti kostnaðurinn við heilbrigðispjónustuna fyrst farið fyrir alvöru úr böndunum. Þeg býst við því að þú getir scert rök fyrir því gagnstæða?*

„Það skiptir miklu máli að í þessu kerfi er ríkið einkeypisadili, móónópsón, en það er hugtak innan hagfræðinnar sem táknað einkenna kaupanda en marga seljendur. Ríkið, væntanlega Tryggingastofnun sem sjúkrasamlag allra landsmanna, gæti keypt þjónustu af sjúkrahúsum og læknastofum fyrir hagstæðasta verð hverju sinni. Mögulegir seljendur eru þá allar læknastofur og sjúkra-stofnanir hér á landi og erlendis, enda kaupir Tryggingastofnun nú læknispjónustu af fjöldu erlendra sjúkrahúsa fyrir þá sem þurfa á henni að halda. Háskólinn, Rauði krossinn, Hjartavernd og Krabba-meinsfélagið o.fl. gætu verið heppilegir rekendur sjúkrastofnananna og þar með seljendur þjónustunnar. Með þessu færur rekstraraðilarnir að sjá að stöðug og góð þjónusta við sjúklinga skilar þeim bestri afkomu í stað þess að núna er jafnvægi í rekstri náð fram með því að veita minni þjónustu.“

- *En er ekki hætta á því að verðið yrði of lágt, þjónustan ekki nágu góð eða óhagstæð fyrir félögum?*

„Ég treysti stofnunum til að semja um það verð sem þær þurfa sjálbum sér til handa til að starfa við. Lausnir gætu falist í nýjum leiðum og sérhæfingu. Er t.d. ekki of dýrt og óhagkvæmt að gera einföldstu aðgerðir á háteknispítolum? Væri ekki eðlilegra að t.d. smærri spítalarnir í nágrenni Reykjavíkur sérhæfðu sig í tilteknunum aðgerðum og byðu fram bestu þjónustuna á því sviði sem þeir sérhæfa sig á? Á sama tíma

„Hér er aðeins um að ræða eitt af grundvallaratriðum hagfræðinnar um hagkvæmustu nýtingu framleiðsluháttu. Þetta er teória, hugmyndafræði, og ég geri mér grein fyrir að það munu mörg vandamál koma upp við framkvæmdina.“

myndi t.d. Landspítalinn taka til sín læknningar sem nú fara fram erlendis eða einfaldlega gera meira af því sem krafist er að fari fram á háteknissjúkrahúsum og stytta þannig biðlista. Möguleikarnir á sérhæfingu eru ótæmandi og Tryggingastofnun myndi kaupa af þeim sem býður bestu þjónustuna á hagstæðasta verðinu á hverju sviði.

Síðan má spyrja sig livers vegna stofnanir sem hafa að skipa háþróuðum og rándýrum tækjabúnaði sinna aðgerðum bara í dagvinnu? Ástaðan er sú að innbyggða hvata vantar í rekstur spítalanna til að nýta fjárfestinguna sem best. Með breyttu kerfi fengju stofnanir hvata til að gera meira af því sem þeim er best lagið. Af aukinni sérhæfingu leiðir minni tilkostnað við hverja aðgerð og það styttir einnig biðlista.“

- *Hvernig eru þessar bugmyndir tilkomnar bjá þér og hvar hefurðu komið þeim á framfærni?*

„Hér er aðeins um að ræða eitt af grundvallaratriðum hagfræðinnar um hagkvæmustu nýtingu framleiðsluháttu. Þetta er teória, hugmyndafræði, og ég geri mér grein fyrir að það munu mörg vandamál koma upp við framkvæmdina. Hins vegar er mikilvægt að menn hafi stefnu og heildarsýn og séu reiðubúrir að takast á við breytingar. Í dag búum við við að það er að einhverju leyti í höndum stjórnsmála-

manna að taka ákvörðun um opnanir sjúkradeilda, sem hefur verið ákveðið að loka tímabundið í sparnadarskyni. Við þarfum að koma á kerfi þar sem þessi mál eru alfarid í höndum þeirra sem reka stofnanirnar og þeir geri sér ljós hvaða neikvæðu áhrif það hefur á afkomu stofnunarinnar ef þeir loka deildum.

Fyrir 15-20 árum var það í alvöru rætt á ríkisstjórnarfundum hvort kókflaskan mætti hækka um 40 aura vegna áhrifa hækkunarinnar á vísitöluna. Slik pólitík finnst okkur fáranleg núna. Verðlagsmál voru einfaldlega sett í annan farveg þannig að einstök atriði þeirra eru ekki lengur á borðum ráðamanna. Það sama á okkur kannski eftir að finnast um pólitík heilbrigðismála dagsins í dag, eftir tíu eða tuttugu ár héðan í frá.

Ég hef gert grein fyrir þessari skoðun minni í ræðu og riti í á annan áratug. Grunnhugmynd míni hefur ekkert breyst frá því ég hóf að boða þetta. Hins vegar hef ég sífellt fengið ný dæmi úr samtímanum sem styðja breytt fyrirkomulag. Meðan ég gegndi starfi formanns tryggingaráðs reifaði ég þessi mál í ræðum á ársfundum Tryggingastofnunar ríkisins. Auk þess hef ég skrifaoð greinar um þetta efni.“

Við grípum niður í þetta efni.
Í ræðu Bolla á ársfundinum Tryggingastofnunar ríkisins árið 1996 segir í kafla um sjúkra-tryggingar:

„Hvaða hlutverk ætlum við eiginlegum sjúkratryggingum? Ég hef áður lýst þeirri skoðun að sjúkra-tryggingar, hvort sem þeim er sinnt af einni Tryggingastofnun allra landsmanna, sjúkrasamlögum sveitarfélaga eða heilbrigðistjórnun héraða, eru heppilegasta fyrirkomulagid á greiðslu fyrir veittia sjúkraþjónustu og læknisverk. Skiptir þá ekki máli hvar sú þjónusta er veitt, innan sjúkrahúsa eða á einkastofum utan þeirra.“

Nokkru síðar segir:

„Ekkert er því til fyrirstöðu að Tryggingastofnun, eða aðrar samþærilegar stofnanir sem ég hef áður talið upp, semji við sjúkrahús líkt og stofnunin gerir nú við lækna utan sjúkrahúsa, um tilteknar aðgerðir og aðhlynningu. Það sem ávinnst fyrst og fremst með þessu er, að sjúkrahús væru þá komin í þá stöðu að vera seljendur skilgreindrar þjónustu og yrðu að haga rekstri sínum í samræmi við það. En ríkið tryggði jafnrétti þegnanna til þjónustunnar með samningum við sjúkrastofnanir án þess þó að standa beinlínis að rekstri þeirra.“

Finna má lesefni eftir Bolla um þessi málefni allt að 12 ár aftur í tímum. Árið 1991 birti hann í DV greinina „Á ríkið að reka spítala? Par segir m.a.:

„Sá þáttur sparnaðar í heilbrigðisþjónustu, sem orðið hefur fyrir hvað mestri gagnrýni, er fyrirhuguð lokun og sameining sjúkrahúsa eða umbreyting þeirra í hjúkrunarstofnanir. Þessar fyrirhuguðu breytingar og hvernig þær ber að leiða hugann að því hvort eðlilegt sé að ríkið reki sjúkrahús með þeim hætti sem nú er gert og taki ákvárdanir um hvort þau skuli starfrækt áfram eða þeim lokað. Það sem skiptir almenningu mestu máli er að ríkisvaldið tryggi að allir fái notið sömu þjónustu og að fyrir hana sé greitt úr sameiginlegum sjóði landsmanna allra.

Leiðin til að ná slíkri skipulagsbreytingu fram væri sú að láta Tryggingastofnun ríksins um að greiða fyrir alla sérfræðilæknisþjónustu,

„Ríkið, væntanlega Tryggingastofnun sem sjúkrasamlag allra landsmanna, gæti keypt þjónustu af sjúkrahúsum og læknastofum fyrir hagstæðasta verð hverju sinni. Mögulegir seljendur eru þá allar læknastofur og sjúkrastofnanir hér á landi og erlendis, enda kaupir Tryggingastofnun nú læknisþjónustu af fjölda erlendra sjúkrahúsa fyrir þá sem þurfa á henni að halda.“

hvort sem hún fer fram hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum eða inni á sjúkrahúsum.“

Síðar í greininni segir:

„Tryggingastofnun borgi jafnt innlendum sem erlendum sjúkrahúsum.“

Og í niðurlaginu:

„Sparnaðarleiðirnar eru hins vegar ekki margar og ef að á að ná raunverulegum árangri án þjónustuskerðingar þýðir ekki annað en gjörþytingu staðnaðs fyrirkomulags.“

- *Hvernig befur þessum hugmyndum verið tekið?*

„Það hefur enginn andmælt þeim og í rauninni hafa þær mælst vel fyrir. Hins vegar veigra menn sér af ýmsum ástæðum við að takast á við

grundvallarmál á borð við tilhögun fjárveitinga til heilbrigðiskerfis. Það er t.d. ekki meðvituð stefna stjórnvalda sem ræður því hvaða læknisverk fara fram á einkareknum lækna-stofum vs. það sem fram fer á sjúkrahúsum, heldur hefur það þróast af öðrum ástæðum. Samhliða sparnaði á spítolum hafa menn ekki treyst sér að taka á kostnaði vegna starfa sérfræðilækna utan þeirra svo verkefni hafa í einhverjum mæli flust þang-að. Spítalarnir eiga ekki síður en einkareknar læknastofur að geta keppt um það fjármagn sem er í boði til heilbrigðisþjónustunnar. Spurningin á alltaf að vera sú hver bjóði bestu og ódýrustu þjónustuna, það er það eina sem skiptir ríkið og sjúklingana máli.“

- *Er þætta á því að með batnandi tíð og góðæri muni ríkja áframhaldandi umburðarlyndi gagnvart vaxandi kostnaði í heilbrigðiskerfinu og stjórnvöld komi sér undan því að taka á þessum vanda vegna þess að nóg er í kassanum?*

„Ég óttast að menn haldi að aukið fé heilbrigðiskerfisins leysi allan vanda þess. Það gerir það alls ekki, það eru grundvallarþættirnir í skipulagi þess sem taka þarf á til að tryggja sem besta nýtingu fjármagns og að sem flestir njóti. Núverandi fyrirkomulag á fjármögnun heilbrigðiskerfisins er barn síns tíma og skilar okkur alls ekki þeirri þjónustu sem gera má kröfur um.“

Texti: Ágúst Borgþór Sverrisson

Bolli Héðinsson

Bolli lauk MBA – prófi frá University of Rochester í New York og þar áður cand. oeconomicus prófi af þjóðhagskjarna viðskipta- og hagfræðideilda HÍ. Bolli starfar sem ráðgjafi hjá IMG-Deloitte, viðskiptaráðgjöf. Hann starfaði sem hagfræðingur í Búnaðarbanka og var efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar. Hann sat í tryggingaráði 1989-2003, lengst af sem formaður.

Ársfundir Tryggingastofnunar ríkisins

Á 60 ára afmæli Tryggingastofnunar ríkisins vorið 1996 var efnt til sérstaks hátiðarfundar og markaði sá fundur jafnframt upphafið að ársfundum Tryggingastofnunar ríkisins sem haldnir hafa verið á hverju ári síðan.

Hér á eftir fara ræður Bolla Héðinssonar, formanns tryggingaráðs, sem hann hefur flutt á þessum fundum en hann hefur gegnt því starfi frá árinu 1995. Hann var einnig formaður tryggingaráðs árin 1989 - 1991 og hefur setið samfellt í tryggingaráði frá árinu 1989.

Afmælisfundur 1996 og jafnframt fyrsti ársfundur Tryggingastofnunar

Haldinn föstudaginn 29. mars 1996 í Súlnasal Hótel Sögu.

Stefnumótun f almannatryggingum.

Hvaða hugmyndir liggja að baki almannatryggingum og hvaða markmiðum er þeim ætlað að þjóna? Sjálfsagt hafa svörin við þessum spurningum legið ljós fyrir frumherjunum sem háðu þá baráttu sem náði þeim áfanga fyrir 60 árum, að sett var á laggirnar Tryggingastofnun ríkisins. - Úg er ekki viss um að mönnum sé jafn ljóst nú á tímum hvað felst í hugtakinu almannatryggingar. Í sem skemmtu máli, þá hljóta hugmyndirnar að hafa gengið út á að tryggja einstaklingum tekjur á ellíárum og hugsanlega fyrr, ef starfsorka þeirra skertist. Einungi að tryggja öllum jafnan aðgang að heilbrigðispjónustu og læknishjálp. Segja má að þessar tvær grundvallarhugmyndir, annars vegar lífeyristryggingar og hins vegar sjúkratryggingar, séu enn í fullu gildi og sinnt með ágætum innan veggja Tryggingastofnunar ríkisins, þó sú mynd sem við okkur blasir hafi breyst og alltaf megi gera betur.

Almannatryggingar hafa komist í brenniddepil undanfarið vegna þeirra fjármuna sem þangað renna úr vósum skattgreiðenda. Sívaxandi útgjöld almannatrygginga, sem eiga djúgan þátt í útgjalda-aukningu hins opinbera á síðari árum og þ.a.l. stöðugum og við-varandi ríkissjóðshalla, hljóta og eiga að vera mönnum áhyggjufni. Áhyggjufni sem ber að taka á með opnu hugsfari og freista bess að leita frumlegra leiða til lausnar vandans, óbundinn af því hvernig tekist hefur verið á við hann fram að þessu. Við verðum að sprýra okkur hvort tekist verður á við þennan vanda innan ramma númerandi skipulags eða verður að breyta til? - Hér skal tekið undir með þeim er telja viðvarandi rekstrarhalla ríkissjóðs skipulagslegs eðlis og því aðeins að ráðist verði í skipulagsumbætur, er nokkur von til lausnar á fjármálavanda hins opinbera. Hér skal gerð tilraun til að skýra mögulegar skipulagsbreytingar á sviði almannatrygginga, - því sviði ríkisfjármála þar sem mest er von til að skipulagsbreytingar spari hæstar fjárhæðir, af þeiri einföldu ástæðu að þangað rennur bróðurpartur ríkisútgjaldanna. Því aðeins að við leyfum okkur að staldra við og hugsa málum upp á nýtt, er viðbúið að við óöllumst þá nauðsynlegu yfirsýn sem þórf er á, til að geta horfst í augu við þann vanda sem við er að glíma.

Lífeyristryggingar

Ef við víkjum fyrst að málefnum lífeyristrygginga þá hagar nú svo til að bæði tegundir lífeyris, tilhögur bótaflokkja og fjárhæðir bóta eru yfirleitt ákværðar með reglugerðum í heilbrigðis- og tryggingsamálaráðuneyti, með hliðsjón af þeim fjárveitingum sem ákværðar hafa verið til málaflokkssins. Það er alls ekki fráleit sú hugsun, að í stað ákværðana um tilhögur lífeyris og bótafjárhæða, sem ráðast af fjárlögum hverju sinni, þá verði greidd iðgjöld til Tryggingastofnunar fyrir hvern einstakling í samfélagit. Iðgjöldin verði innheimt sem nefskattur hjá launaþólfki, en fyrir þá sem ekki

eru vinnandi eða undir skattleysismörkum, greiði ríkissjóður iðgjaldið.

Kostur þessa fyrirkomulags væri sá að þeir fjármunir sem ætlaðir væru til verkefnisins væru skýrt afmarkaðir. Hvaða réttindi menn væru að ávinna sér lægi ljóst fyrir og skipuleggja mætti til framtíðar hvernig hártaði samspili þeirra þáttta lífeyriskerfisins sem lífeyrissjóðirnir tækju að sér að greiða og hverra þáttta væri eðlilegra að bætur Tryggingastofnunar tækju til. Stofnuninni væri þannig falin sú ábyrgð að skipta þeim fjármunum sem úr væri að spila, en það lenti ekki a ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingsáma, sem gæti þá sem hægast einbeitt sér að óðrum verkefnum sem betur eru komin í höndum ráðuneytisins. Sá kaleikur breytinga á bótum og bótafyrirkomulagi yrði frá því tekinn.

Ef lífeyrigrreiðslur Tryggingastofnunar byggðust á iðgjöldum þá yrði einungi að miklu leyti tekið fyrir tekjutengingu bóta, sem aftur hafa leitt til hinna griðarháu jaðarskatta, sem valda skattgreiðslum að ígildi allt að um 70% tekna. Þetta yrði að sjálfssögðu að vera pólitískt val um hvort vilji sé til að lækka jaðarskattu og hvort telja eigi að réttindi þau, sem iðgjöld hafa skapað, megi ekki skerða á tilteknunum hópum t.d. vegna hárra tekna. Atriði sem þessi hafa verið „prinsipp“ - mál t.d. á Norðurlöndum þar sem menn hafa hafnað tekjutengingum einmitt af þeim ástæðum sem ég hér hef rakið. Iðgjöldin, þannig komin til Tryggingastofnunar, mynduðu þann tryggingasjóð sem tryggingaráði yrði falið til ráðstöfunar. Það gæti aðeins látið útgjöldin stjórnast af tryggingafræðilegum úttektum sem stefndu fjárhag stofnunarinnar ekki í voða. Þar réði aldurs-skipting, algengi örorku og aðrir lýðfræðilegir þættir.

Sjúkratryggingar

Hvaða hlutverk ætlum við eiginlegum sjúkratryggingum? Ég hef áður lýst þeirri skoðun að sjúkratryggingar, hvort sem þeim er sinnt af einni Tryggingastofnun allra landsmanna, sjúkrasamlögum sveitarfélaga eða heilbrigðisstjórnun heráða, eru heppilegasta fyrirkomulagið á greiðslu fyrir veitta sjúkrapjónustu og læknisverk. Skiptir þá ekki málí hvar sú þjónusta er veitt, innan sjúkrahúsa eða á einkastofum utan þeirra. Aðeins með þeim hætti er tryggð sem best ráðstöfun þeirra fjármuna sem úr er að spila og lykilatriði að ákvörðun um kaup þjónustunnar, án tillits til hvar hún er veitt, verða að vera á einni og sömu hendi.

Ekki er því til fyrirstöðu að Tryggingastofnun, eða aðrar samþærilegar stofnanir sem ég hef áður upp talið, semji við sjúkrahús líkt og stofnunin gerir nú við lækna utan sjúkrahúsa, um tilteknar aðgerðir og aðhlynningu. Það sem ávinnst fyrst og fremst með þessu er, að sjúkrahús væru komin í þá stöðu að vera seljendur skilgreindrar þjónustu og yrðu að haga rekstri sínum í samræmi við

það. En ríkið tryggði jafnrétti þegnanna til þjónustunnar með samningum við sjúkrastofnanirnar án þess þó að standa beinlínis að rekstri þeirra. Með slíkri kostnaðarvitund væru sjúkrastofnanir komnar í þá stöðu að hegðan þeirra yrði meira í líkingu við það, sem gerðist hjá fyrirtækjum sem starfa á markaði. Aðeins með því að skapa sjúkrastofnumnum slíkar rekstrarforsendur eru líkindi til að þau bregðist sjálf við til nauðsynlegrar hagræðingar og sérhæfingar.

Það getur ekki talist eðlilegt að nýbyggingar og meiriháttar tækjakaup sjúkrastofnana þurfir að sækja um til fjárveitingavaldsins í stað þess að allar slíkar ákvæðanir væru teknar á forsendum venjulegs arðsemismáts fárfestingarinnar. Þer þetta atriði gleggstan vott um að ekki hafi verið skapaðar eðlilegar rekstrarforsendur sjúkrastofnana. Það far sem við erum nú í, að sjá einvörðungu fyrir okkur opinberan rekstur sjúkrastofnana, takmarkar mjög svigrum okkar fyrir nýjar hugmyndir. Við eignum að geta séð fyrir okkur að rekstur og ábyrgð á stofnunum sé alfarið á hendi annarra en ríkisins og ekki síður vel kominn í höndum t.d. líknarfélaga, sveitarfélaga eða þess vegna; hlutafélaga stofnaðra í því skyni. Ávinnungur af breyttu fyrirkomulagi yrði fyrst og fremst sá að búa sjúkrastofnumnum það rekstrarumhverfi að þær geti glímt við rekstur sinn með sama hætti og önnur fyrirtæki og þannig lotið sömu lögmálum og önnur fyrirtæki.

Tryggingastofnun

Stjórnskipulag Tryggingastofnunar og flestra annarra stofnana ríkisins stenst ekki nútíma stjórnunarhætti. Þar er ekki einum eða einhverju einu um að kenna að svo er komið. Þetta eru aðeins örlog þeirra fyrirtækja þar sem aldrei er staldað við og spurt um tilgang og markmið eða hvernig þeim megi sem best ná og svo breytt í samræmi við það. Tryggingastofnun, líkt og aðrar skipulagsheildir, lýtur ákveðnum lögmálum hvort sem okkur líkar betur eða verr. Þetta eru hin sömu lögmál og gilda um allan annan rekstur í því tilliti er tekur til starfsmanna, virkni stofnunarinnar, askasta og hæfileika hennar til að laga sig að breyttum aðstæðum.

Ríkisfyrirtækjum og stofnunum ættu aðeins að vera sett ein lög en ekki sérstök lög um hverja stofnun. Ef sett eru lög um hverja stofnun þá ættu þau öll að vera samhljóða og aðeins kveða á um prennat:

- tilgang,
- fjármögnun og
- hvernig hátti kjöri stjórnar.

Allt annað eru útfærsluatriði sem ríkisvaldið verður að treysta hinum kjörnu eða skipuðu fulltrúum sínum í viðkomandi stjórnunum að útfæra. Slíkt á og getur ekki verið á hendi einstakra ráðuneyta að vilja hafa frekari afskipti af starfsemi einstakra stofnana en hér hefur verið nefnt. Nú hvarflar ekki að mér að samskipti Tryggingastofnunar og þess ráðuneytis sem hún heyrir undir séu mikil frábrugðin samskiptum annarra ríkisstofnana við þau ráðuneyti sem þær heyra undir. Þau samskipti ráðuneyta og stofnana sem ég hér hef lýst eru ekki til komin fyrir meðvitaða stefnu í þessum málum, heldur hafa þau þróast svo á löngum tíma, frekar fyrir tilviljan og stefnuleysi liðinna ára, heldur en nokkuð annað.

Skipulag Tryggingastofnunar er dæmigert fyrir stjórnunarlegar þversagnir sem ríkja í skipulagi flestra íslenskra ríkisstofnana. Alvarlegasta þversögnin er sú, að enginn einn ber ábyrgð á rekstri Tryggingastofnunar ríkisins. Þar ráða forstjóri, tryggingaráð og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, en mörk og valdsvið skarast og eru óljós.

Niðurlag

60 ára afmæli er gott tækifæri til að endurmeta stöðu almannatrygginga í samfélagini. Tryggingastofnun vill leggja sitt af mörkum með því samstarfi sem efnt hefur verið til við Háskóla Íslands um rannsóknir á almannatryggingum á Íslandi. Vonandi markar það upphafsið að frekara starfi innan Tryggingastofnunar og utan hennar, í málaflokki almannatrygginga, svo tryggt sé að þeir gríðarlegu fjármunir sem þar renna í gegn sé varíð með sem skynsamlegustum hætti. Það er vilji fyrir því hjá Tryggingastofnun og hjá heilbrigðisráðuneyti að nálgast viðfangsefni stofnunarinnar þannig að fjármunir hennar nýtist betur til þeirra verðugu viðfangsefna sem stofnuninni er falið að fjalla um. Úrvinnsla þeirra viðfangsefna ræður miklu um þróun íslenskra almannatrygginga langt fram á næstu öld, svo mikil er í húfi að vel takist til. Til þessa verkefnis skulum við ganga fram af sömu bjartsýni og stórhug líkt og var í hugum þeirra sem lögðu grunninn að starfi íslenskra almannatrygginga fyrir réttum 60 árum. Megi framtíðin markast af þeim sama stórhug.

Ársfundur Tryggingastofnunar ríkisins 1997

Fundurinn haldinn föstudaginn 31. október 1997
í Gullhömrum, Iðnaðarhúsinu við Hallveigarstíg.

Meginstoðir velferðarkerfisins

Tryggingastofnun ríkisins er í raun tvær stofnanir að fást við two óskylda málaflokka. Þar er annars vegar um að ræða sjúkratryggingar sem snúa að lækningu og aðhlynningu og hins vegar lifeyrstryggingar sem snúast um framsíðslu. Þeg hef áður, bæði í ræðu og riti, fjallað um sjúkratryggingar og lýst þeirri skoðum minni að útlokað sé að viðunandi árangur náist í útgjöldum til sérhæfðar læknispjónustu, hvort heldur hún er veitt hjá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknnum eða inni á sjúkrahúsum, fyrir en hún verður greidd af einum og sama aðilanum. Með núverandi fyrirkomulagi eru sjúkrahúsini ekki í aðstöðu til að stjórna rekstri sínum sem hver önnur fyrirtæki, sem veita skilgreinda þjónustu, sem ríkið kaupir af þeim. Pannig er það þversögn við spítalarekstur að því minna sem spítalinn aðskastar þeim mun betri aðkomu sýnir hann og öfugt, þess meira sem er framkvæmt, þess lakari verður rekstrarútkoma hans. Við aðstæður sem þessar lái ég engum að erfitt er að ná árangri í slíkum rekstri.

Lifeyristryggingar - lifeyrissjóðir

Lifeyristryggingar á vegum Tryggingastofnunar eru að stofni til afkomutryggingar sem e.t.v. ættu fremur heima á vegum félagsmálaráðuneytis heldur en hjá þeim hluta ríkisvaldsins sem er að fást við heilbrigðismál. Pannig hefur þótt ástæða til að setja t.d. atvinnuleysistryggingar undir félagsmálaráðuneytið. Aðrar lifeyristryggingar, sem i eðli sínu eru sambærilegar, hafa verið hafðar í Tryggingastofnun, sem heyrir undir ráðuneyti heilbrigðismála. - Þó teldi ég affarasælast að lifeyrissjóðirnir í landinu tækju að sér að reka opinberar lifeyristryggingar fyrir ríkisvaldið. Hér á ég ekki við það að með auknum fjölda ellilifeyrisþega mun vægi lifeyris úr lifeyrissjóðum fara vaxandi, en að sama skapi mun draga úr vægi opinberra lifeyrisgreiðslna, heldur það að lifeyrissjóðirnir beinlínis taki að sér ná þegar að vera sá aðili sem greiðir lifeyrisþegum út hinn opinbera lifeyri samhlíða ánumnum ellilifeyri úr viðkomandi lifeyrissjóði. - Pessa skoðun mína skal ég nú styðja nokkrum orðum.

Lifeyristryggingar þær sem Tryggingastofnun veitir voru til

skamms tíma megin teknur stórs hluta ellilifeyrisþega en vægi þeirra hefur farið minnkandi enda þær fjárhæðir sem þar hafa verið greiddar aldrei verið fullnægjandi. Með óflugri lifeyrissjóðum eru stöðugt fleiri ellilifeyrisþegar sem jafnframta eiga rétt á lifeyri úr lifeyrissjóði. Er nú svo komið að meirihluti, eða rúmlega 60 af hundraði eillilifeyrisþega, fær jafnframta einhverja greiðslu úr lifeyrissjóði. Til hægðarauka fyrir þessu lifeyrisþega má spryta sig hvort hagsmunum þeirra vært ekki betur komið með þeim hætti að lifeyrissjóðirnir, sem þeir eiga hvort sem er aðild að, greiddu þeim út allan þann ellilifeyri sem þeir eiga rétt á, en ríkissjóður endurgreiddi sjóðunum lifeyrishluta ríkisins. Prátt fyrir að slíkur gjörningur kæmst á þá stæði eftir sá hluti ellilifeyrisþega sem hvergi á rétt í lifeyrissjóði, auk örorku- og barnalifeyrisþega. Vel mætti hins vegar hugsa sér að lifeyrissjóðirnir tækju eftir sem áður að sér að greiða þessum aðilum út þeirra lifeyri, í umboði ríkissjóðs, og væri þá öllum eiginlegum lifeyristryggingum hætt í Tryggingastofnun og þær fluttar afsarið til lifeyrissjóðanna. Forsenda slíkrar aðgerðar er að reglurnar sem greitt er eftir séu einfaldar og skýrar, þær geri ekki ráð fyrir undantekningum og umfram alt geri þær ekki ráð fyrir huglægu mati þeirra, sem bæturnar greiða út, á möguleikum þeirra sem tilkall eiga til bótanna. En einmitt þetta hlýtur að vera aðall góðrar stjórnsýslu.

Pegar verið er að fjalla um kerfi á borð við þau sem nú er sinnit í Tryggingastofnun, þá verðum við að vera óhrædd við að velta öllum steinum og hugsa málín upp á nýtt. Þar breytast aðstæður hratt svo að e.t.v. dugir ekki að hreyfa til innan gildandi skipulags heldur verður að fara aftur á byrjunarreit til að ná bestum árangri. Markmið almannatrygginga eiga að vera ljós og eru það í reynd og því eignum við að vera óhrædd við að brydda upp á nýjum leiðum til að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur. Æg held að markmiðinu sé ágætlega lýst með þeim orðum að við ætlum að taka ábyrgð hvert á öðru og sjá þeim fyrir lifeyri, sem með þurfa, ef geta þeirra til að afla sér lífsviðurværir skerðist og við ætlum við okkur að tryggja öllum landsmönnum jafnan aðgang að heilbrigðiskerfinu án tillits til efnahags eða búsetu. Pégars markmiðin hafa verið skilgreind þá eiga leiðirnar að þeim ekki að skipta mál, heldur

verða þau sjónarmið að ráða hvernig við getum látið sem flesta njóta, miðað við þá takmörkuðu fjármuni sem veitt er til málaflokksins. Sem betur fer ríkir eindrægni og einlægur vilji þjóðarinnar allrar til að halda uppi óflugu velferðarkerfi og sá vilji endurspeglast í öllum stjórnmálahreyfingum. Það sem tekist er á um eru ekki grundvallaratriði þessa eindræga þjóðarvilja heldur eru það útfærsluatriði sem menn greinir á um. Útfærsluatriði sem verða að teljast minniháttar í ljósi þeirra háleitu markmiða sem við höfum sett okkur.

Bætt nýting fjármuna

Fjármagn til almannatrygginga er takmarkað og þeir sem ráðstafa því verða stöðugt að leita nýrra leiða til að nýta það fjármagn sem best. Þjóðin sem heldur almannatryggingunum uppi verður að trúva því að þeir fjármunir sem til almannatryggingakerfisins renna séu nýttir af ráðdeild og útsjónarsemi. Þetta er okkur hollt að hafa í huga þegar fjallað er um málefni almannatrygginga. Einskis má láta ófreistað við að beita nútímalegum stjórnunaraðferðum auk rannsókna á því hvernig bætur almannatrygginga nýtast best þeim sem tryggðir eru. Pannig má leiða í ljós hverjir eru vantryggðir og hverjir gætu verið oftryggðir og við þurfum að vera óhrædd við að endurskoða bætur og bótaflokkila til að nýta sem best það fjármagn sem til almannatrygginga er lagt. Við þær aðstæður er einnig rétt að hafa í huga að fyrir hvert prósent sem sparast í útgjöldum Tryggingastofnunar, til þeirra málaflokka sem henni eru falin að greiða út, getur það þýtt tugmilljóna króna sparnað í útgjöldum ríkisins, svo það er til mikils að vinna, jafnvel þó það kosti aukalega nokkrar milljónir í rekstri. Fjármunir sem ríkið ver til eflingar rannsókna og stjórnsýlu almannatryggingina geta skilað bótaþegum betri afkomu án aukinna útgjalda og aukinna skattheimtu ríkissjóðs. Æg hef nú gert að umræðuefni nokkur grundvallaratriði almannatrygginga fyrst og fremst til að vekja til umhugsunar. Ársfundur af því tagi sem hér fer fram er tækifæri til að staldra við og taka sólarhæð. Slik áning að vera okkur hvatning til að gera betur því kyrrstaða er aðeins ávísun á ónógan árangur.

Ársfundur Tryggingastofnunar ríkisins 1998

Haldinn fóstudaginn 25. september 1998 í Sal 2 í Háskólabíó.

Samspil skattkerfis og lifeyriskerfis

Í samfélagi okkar er það viðeigandi að skoða reglulega hvernig hin mismunandi kerfi sem ríkisvaldið hefur byggt upp, ná að fullnægja þeim þörfum sem þau voru sköpuð til að fullnægja og hvernig hin ýmsu kerfi vinna saman. Hvort þau vinna gegn hvert öðru eða hvort þau styðja hvert annað á hinni grýttu leið að lokatakmarkinu, velferð og jöfnuði allra þegnanna. Auk launatekna eru það ófá önnur atriði sem áhrif hafa á afkomu fólks. Tekjumegin skipta verulegu máli það sem á stofnanamáli hafa verið nefndar tilfærslur. Tilfærslur ríkisins á fjármunum til þegnanna og þeim reglum sem um tilfærslurnar gilda. Tilfærslur berast þegnunum með tvennu móti. Annaðhvort frá skattkerfinu eða frá almannatryggingakerfinu. - Í reynd má leggja að jöfnu þær fívnánir sem skattkerfið veitir okkur hvort heldur það er með frádrætti frá tekjum, áður en skattar eru lagðir á, eða bætur sem ríkissjóður greiðir okkur út með reglulegum hætti. Sem dæmi um híð fyrnefnda mætti nefna frádrátt vegna fjárfestingar í almenningshlutafélagum en sem dæmi um híð síðarnefnda mætti nefna vaxtabætur vegna húsnæðiskaupa. Almannatryggingum, lifeyrishluta þeirra, er síðan ætlað að tryggja afkomu þeirra sem vegna sjúkdóma eða slysa missa tekjur eða ná aldrei að áfla þeirra.

Pessi tvö kerfi eru býsna sam tengd. Skattkerfið og kerfi almannatrygginga. Bæði geta ráðið miklu um afkomu fólks og bæði

eru háð sômu annmörkum í uppbyggingu t.d. hvað varðar misræmi og jaðaráhrif. Því er ekki hægt að skoða eitt án annars heldur verða þau bæði að skoðast í senn og áhrif breytinga á hvoru kerfi um sig verða að metast heildstætt í báðum kerfum. Jaðaráhrif í báðum kerfum birtast þannig að við það að fara yfir ákvæðin tekjumörk þá lækka þær fjárhæðir sem ríkið greiðir viðkomandi, svo mikil, að reiknaður skattur á viðbóartekjurnar getur orðið til muna hærri en hin almenna skattprósentá gefur til kynna. Dæmi eru um að jaðarskattar hér á landi hafa numið allt að 70 prósentum.

Misræmi í skattheimtu getur t.d. birst okkur í meðferð tveggja tegunda bóta, sjómannafrádráttar og barnabóta. - Tilvist hvors um sig byggir á svipuðum rökum, þ.e. ríkið vill bæta þegnunum það „óhagræði“ sem þeir verða fyrir. Annars vegar við það að stunda vinnu síná á hafi úti og hins vegar sú vinna og kostnaður sem barnauppeldi óhjákvæmilega leiðir af sér. - Misræmið sem hér birtist er með þeim hætti að sjómannafrádráttinn fá allir sem stunda sjó, óháð tekjum. Allir sem eiga börn eiga rétt á barnabótum en bæturnar eru að fullu tekjutengdar svo fjöldi foreldra fær ekki neitt þó „óhagræði“ þeirra af barneignum sé engu minna. - Með þessu dæmi er ekki verið að leggja mat á réttmæti bótanna, frádráttarins og tekjutengingarinnar, heldur fyrst og fremst verið að sýna fram á það ósamræmi sem gætir.

Endurskoðun almennatryggingakerfisins

Viða um lönd hafa stjórnvöld álið það eitt af nærtækari viðfangsefnum sínum að endurskoða saman skattkerfi og bótakerfi almennatrygginga. Pannig létt ríkisstjórn verkamannaflokkssins í Bretlandi það verða eitt sitt fyrsta verk að endurskoða skatta- og bótakerfið þar í landi og fékk til liðs við sig til að stýra þeirri endurskoðun Martin Taylor, aðalbankastjóra hins velpekkta Barclays - banka. Þá endurskoðun hafði ríkisstjórn ihaldflokkssins veigrað sér við um langa hríð og töldu sílkt aðeins á færí ríkisstjórnar Verkamannaflokkssins vegna hins pólitiska landslags og deilna er tillögur um breytingar gætu valdið.

Í skýrslu sem Taylor birti nú í vor og nefndist „nútímovæðing breska skatta- og bótakerfisins“ segir m.a.: „Velferðarkerfi okkar er afar flókið. Það er flókið vegna þess að þar hefur stóðugt verið þjappað saman vel meintum lagfæringum og endurbótum, sem hver um sig hefur aðeins haft lítil áhrif.“ - Kannast einhver við lýsinguna? Einnig segir Taylor á einum stað í skýrslu sinni: „Almennt er ég þeirrar skoðunar að ríkisvaldið eigi að forðast að smíða reglur sem ná til fólks eftir félags- eða fjölskyldustöðu þeirra. Sílkt hvetur fólk aðeins til að haga fjölskyldugerðinni þannig að sem mest fé komi frá ríkinu“. - Pekkjum við þessa umræðu? Umræðuna um hvort ríkið eigi með aðgerðum sínum eða aðgerðaleysi að hafa áhrif

á fjölskyldugerðina. Augljóst er að viðfangsefnin eru þau sömu hvar sem borið er niður.

Í velferðarríkum Evrópu fer fram umræðan um endurgerð velferðarsamfélagsins. Þessi umræða fer einnig fram hér á landi. Við skulum reyna að læra af nágörnum okkar en við skulum ekki siður vera óhrædd við að koma með frumlegar lausnir sem við sjálf dettum niður á og sem reynst geta okkur farsælar til að ná betri árangri í velferðarkerfi okkar. Við þurfum að gæta okkar að falla ekki í þá gryfju að telja að eina lausn á vanda velferðarsamfélagsins sé að veita auknu fé til þess. - Þó svo að aukið sé geti komið að gagni, þá er ekki forsvaranlegt, gagnvart neinum, að láta ósvað spurningum um hvernig féð er notað og hvort til séu leiðir til að nýta það betur. Skýrsla Martins Taylors var grunnurinn að þeim breytingum sem ríkisstjórnin breska beitti sér fyrir og þegar til kom þá ollu tillögurnar ekki miklu titringi. Um tillögurnar hefur náðst nokkuð viðtæk sátt, þar sem öllum sem að málum komu, mátti vera ljóst að verið var að taka á málum sem brýnt var orðið að endurskoða. Ég held að sú verði einnig raunin hér á landi þegar skattkerfi og kerfi almennatrygginga verða skoðuð saman. Krafan um sílka endurskoðun á eftir að verða enn háværari en hún er nú og þetta viðfangsefni blasir við, sá sem tekur frumkvæðið getur auðveldasti haft áhrif á útkomuna.

Ársfundur Tryggingastofnunar ríkisins 1999

Haldinn föstudaginn 19. nóvember 1999 í Sal 2 í Háskólabíói.

Stofnun frumkvæðis og athafna

Áhöld kunna að vera um hvort og að hve miklu leyti Tryggingastofnun eigi að vera móttandi um það hlutverk sem henni er falið að sinna í samféluginu og að hve miklu leyti hún eigi aðeins að vera biggjandi og framkvæmdaaðili þess sem ákvæðið er annarsstaðar. Flestir geta þó verið sammála um að þar sem stofnunin vinnur í hvað mestri nálægð við viðskiptamenn sína þá brenni á stofnuninni og starfsmönnum þar heitast þau mál sem jafnframt brenna á viðskiptamönnum. Þetta gefur færí á miklu upplýsingaflæði og sam-safnaðri reynslu sem auðveldast verður nýtt með því að hugmyndir sem lúta að þróun og breytingum almennatryggingakerfisins berist með skilvirkum hætti frá stofnuninni til ráðamanna.

Fljóttlega eftir að ég tók sæti í tryggingaráði varð mér ljóst að afgreiðslumáti stofnunarinnar var ekki í takt við tímann og viðskiptamönnum stofnunarinnar ekki til hagsbóta að vísa þeim fram og aftur og milli hæða í stofnuninni til þess að skila af sér pappírum eða verða sér úti um nýja. Var þetta eitt af þeim fyrstu málum sem ég tók upp í tryggingaráði eftir að ég tók þar sæti. Bentí ég að nútímaafgreiðslumáti fælist í því að viðskiptamaðurinn kæmi a einn stað, ræddi við einn þjónustufulltrúa og fengi þar alla afgreiðslu. Hugmyndir mína hlutu á þeim tíma misjafnar undirtektir, e.t.v. vegna þess að fæstir höfðu hugsað þessi mál til enda og sáu ekki fyrir sér lausnina þó svo þeir skynjuðu vandamálið. Sennilegast verður það að teljast ásættanlegur framkvæmdaháði að tæpum tíu árum seinna verður þessi sýn mínn að afgreiðslumáta stofnunarinnar að veruleika með dugnaði og áræðni þess fólkis sem deildi með mér hugmyndunum um hvernig afgreiðslumálum Tryggingastofnunar yrði hvað best fyrir komið.

Annað mál þar sem reynsla og frumkvæði starfsmanna hefur skilað sér til hagsbóta fyrir viðskiptamenn er sú breyting sem orðin er á örorkumati. Áður áttu þeir sem metnir voru til fullrar örorku það á hættu að missa ýmis þau réttindi sem fylgja fullri örorku við það eitt að fara að vinna sér inn tekjur. Starfsmenn Tryggingastofnunar fundu í störfum sínum að þetta fyrirkomulag var í alla staði óheppilegt og unnu því vandaðar tillögur um breytingu á fyrir-

komulaginu. Nú er svo komið að að örorka er metin án tillits til tekna viðkomandi og hafa breytilegar tekjur því ekki áhrif á metið örorkustig hans. Hér og nú erum við stödd á ársfundu Tryggingastofnunar 1999 sem við hófum að halda 1997 eftir vel heppnaðan afmælisfund 1996. Ársfundir stofnunar sem þessarar eru nauðsynlegir til að staldra við og taka púls, en síðan en ekki síst tækifæri til að greina frá öllu hinu góða sem gert er í Tryggingastofnun ríkisins og sem til framsfara horfir. Á fyrri ársfundum hefur verið greint frá rannsóknunum og athugunum sem fram hafa farið innar stofnunarinnar til að skilja betur viðfangsefni hennar og er þessi fundur engin undantekning. Þannig gefur ársfundur okkur tækifæri að horfa úr öriltilli fjarlægð á viðfangsefni og sjá þau í stærra samhengi heldur en við gerum í daglegum viðfangsefnum okkar.

Úrskurðarnefnd almennatrygginga

Fjórða og síðasta málefnið sem ég vil gera hér að umtalsefni og ég tel að til sérstakra framfara hafi horft á þeim tíu árum sem ég hef brátt setið í tryggingaráði, er sú skipan málá sem nú er komin a varðandi kærur um niðurstöðu málá hjá Tryggingastofnun. Fyrir réttum tíu árum varð sú réttarbótt að þeir viðskiptamenn Tryggingastofnunar sem ekki vildu una afgreiðslu málá sinna hjá stofnuninni fengu ótvíraða heimild til að kæra afgreiðslu til tryggingaráðs sem fjallaði um mál viðkomandi á formlegan og hlutlausn hátt án þess að starfsmenn stofnunarinnar kæmu að úrlausn málanna nema sem annar málساðilja. Varð þessi hlutur í starfsemi tryggingaráðs stöðugt umfangsmeiri eftir því sem árin liðu og var að síðustu brugðið a það ráð að tvískipta fundum ráðsins svo unnt væri að anna kærumálum með sómasamlegum hætti.

Pegar fram liðu stundir kom betur í ljós að eðlilegri framgangsmáti væri sá að til að tryggja fyllsta jafnrétti og þess að jafnræðis væri gætt, þá væri eðlilegast að tryggingaráð hætti því að úrskurða í kærumálum en freistaði þess í stað að setja reglur um afgreiðslu málá innan Tryggingastofnunar. - Reglur þar sem t.a.m. áður höfðu gilt vinnureglur og hefðir, og tryggði ráðið þannig gegnsæi og

jafnrétti í öllum afgreiðslum stofnunarinnar. Þetta hefur tryggingaráð þegar hafist handa við í enn riskari mæli en áður var. Með þessu fyrirkomulagi var einnig sýnt að kærumál væru betur komin hjá öðrum aðila heldur en hví ráði sem setti reglurnar.

Pví var það að tryggingaráð lét semja drög að lagafrumvarpi um úrskurðarnefnd almannatrygginga sem tók til starfa um mitt þetta ár. Verður samþykkt þess frumvarps að teljast ein af meiri réttarbótum lifeyrisþegum til handa í seinni tið. En góðar hugmyndir og framþróun verður ekki að veruleika nema að hugmyndir hljóti

stuðning og þeim sé sýndur skilningur. Þann stuðning hefur Tryggingastofnun haft í Ingibjörgu Pálmadóttur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Allar þær framfarir sem ég hef hér gert að umræðuefni hafa orðið á þeim tíma sem hún hefur gegnt embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Tryggingastofnun hefur átt hauk í horni þar sem Ingibjörg er og vil ég færa fram bestu þakkir til hennar fyrir allt það sem áunnist hefur og vona að stofnunin megi eiga stuðning hennar áfram visan til þeirra góðu verka sem eru óunnin og óhjákvæmilega hljóta að vera framundan.

Ársfundur Tryggingastofnunar ríkisins

föstudaginn 13. október 2000
í Salnum, Kópavogi.

Ávarp Bolla Héðinssonar, formanns tryggingaráðs

Á ársfundum Tryggingastofnunar höfum við hverju sinni freistað þess að sýna fram á það góða sem gert er íslenskum almannatryggingu og einnig það sem við teljum að betur megi fara, því seint verða mannanna verk svo fullkomín að þau megi ekki bæta svo einhverju nemí.

A síðasta ársfundi flutti okkur skýrslu sína Stefán Ólafsson prófessor við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands en þá skýrslu hafði Tryggingastofnun frumkvædi að því að var samin og Háskóli Íslands, sem setti Félagsvísindastofnun í málöd, var fenginn til verksins. Tilefnið var eins og kunnugt er 60 ára afmæli stofnunarinnar sem við fögnudum á árinu 1996.

Rannsókn Stefáns leiddi í ljós að það kerfi almannatrygginga sem Íslendingar hafa komið á fót er um margt sérstætt og hefur ekki byggst upp af einni fyrirmynnd heldur hafa þær verið sóttar viða. Íslenska almannatryggingsakerfið hefur náð megin markmiði sínu og gegnt mikilvægu hlutverki við að skapa það velferðarsamfélag sem við búum við í dag. E.t.v. er það einmitt vegna þess að kerfið hefur ekki verið byggt á einni fyrirmynnd, heldur verið leitað fanga mjög viða, þá hefur okkur jafnframt tekist að forðast þá pytti sem sambærileg kerfi nágrannaþjóða okkar hafa oftar en ekki fallið í.

Pannig hefur orðið til hin „íslenska leið“ sem var það nafn sem valið var á umrædda skýrslu. Það er gott nafn og ætti að vekja okkur til umhugsunar um hvernig við getum þróað núverandi almannatryggingsakerfi út frá því kerfi sem við nú höfum. Ég hef sagi það áður á ársfundi Tryggingastofnunar að fyrir íslensku lifeyriskerfi hefur farið eins og fleiri góðum kerfum að þegar bregðast þarf við breyttum aðstæðum, með breytingum á kerfinu, þá hefur ekki alltaf verið gætt heildar- og innbyrðis samræmis við þær breytingar og því orðið til ýmsar ambögur sem ekki þyrftu að vera þar.

Pessu er aðeins hægt að snúa við með því að skoða kerfið frá grunni og einmitt að lita ekki á það sem endanlegt fyrirbæri sem vara þarf óbreytt til eilifðarnóns. Inn í slík kerfi þarf að byggja nauðsynlega „dynamík“ sem gerir ráð fyrir að hægt sé að bregðast við breyttum aðstæðum án þess innra samræmi kerfisins raskist. Sú vinna að endurskoðun íslenska almannatryggingsakerfisins er brýn og mikils um vert að til hennar verði vandað. Í þeirri vinnu kemur samantektin um „Íslensku leiðina“ í góðar þarfir og ætti að nýtast sem hagnýtt gagn.

Spítalar; vannýtt fjárfesting

Svo lengi sem elstu menn muna þá hefur ríkt það fyrirkomulag í skipan heilbrigðismála, þeim er líta að sérhæfðri læknispjónustu, að hún hefur verið veitt jafnt innan sjúkrahúsa sem utan, allt eftir eðli þeirrar meðferðar sem sjúkdómurinn krefst.

Á þessu sviði hefur einnig ríkt það skipulag, og verið um það óskrifaað samkomulag, að á meðan reynt hefur verið að halda sjúkrahúsum innan þess fjárlagaramma sem þeim er settur, þá hafa

ráðamenn horft í gegnum fingur sér með þá sérhæfðu læknispjónustu sem veitt er utan spítala, sem oftar en ekki hefur farið fram úr því sem til hennar er ætlað á fjárlögum. - Slíkt er skiljanlegt þar sem enginn hefur viljað axla þá pólitisku aðgerð að stöðva þá þjónustu vegna fjárskorts, með þeim ófyrirséðu afleiðingum sem það hefði.

Til að glíma við kostnað, sem fylgir sérhæfðri læknispjónustu utan sjúkrahúsa, þá eru það einkum tvær leiðir sem ráðamenn hafa reynt að beita, auk tilvísanakerfis. En það eru takmarkanir á fjölda viðsemjenda og magnafláttur þegar ákveðinni álegri fjárhæð er náð. Þetta hefur ekki leitt til þess varanlega sparnaðar í þessum útgjöldum sem vænst hefur verið og koma þar reyndar margir utanaðkomandi og ófyrirséðir þættir til.

Sjúkrahús hafa á undansförnum árum tekið miklum breytingum sem stofnanir. En breyttar aðstæður og breytingar sem orðið hafa á viðfangsefnum þeirra hafa ekki gert sjúkrahúsunum kleist að nýta sér til fullnustu þá möguleika sem þeim ættu að vera færir. Skal ég nú fara um þessa skoðun mína nokkrum orðum.

Lækning og meðferð sjúklinga á sjúkrahúsum hefur einskorðast við að veita þeim þjónustu sem lagðir eru inn á sjúkrahúsini og fylgja þeim síðan estir t.d. með göngudeildarþjónustu. Inni á nútímasjúkrahúsum er dýr tækjabúnaður, í sérhæfðu húsnæði með þjálfá og hæft starfslið. - Pessi staðreynnd ætti að gera sjúkrahúsini betur í stakk búin en nokkra aðra stofnun til að sinna ýmsum þeim aðgerðum innan veggja sinna, sem nú fara fram utan sjúkrahúsa og það án þess að sjúklingurinn þurfi að leggjast inn. Hér er ég að tala um það að auka á fjölbreytni þeirrar starfsemi sem fram fer inni á sjúkrahúsum nú og gera þær í auknum mæli að alhliða lækningastofnunum sem einskorða sig ekki aðeins við það að fast við innliggjandi sjúklinga. Þetta geta flestir orðið sammála um en eðlilega vaknar þá spurningin um hversvegna þetta sé þá ekki gert.

Fjármögnun hvetji til afkasta

Að mínu mati er svarið það að núverandi kerfi fjármögnumunar sjúkrahúsanna hvetji ekki til slíkrar niðurstöðu. M.o.o. hvatinn fyrir sjúkrahúsini og starfsfólkid til að hefja slíka starfsemi þar er ekki til staðar m. v. núverandi fjárhagsuppbryggingu.

Í þessu sambandi verð ég að lýsa áhyggjum mínum af rekstri sjúkrahúsa sem núna takar ekki þátt í að veita sérhæfða læknispjónustu og selja hana sjúkratryggungum með sama hætti og sjálftætt starfandi sérfræðingar gera í dag. En einmitt þannig gætu sértekjur sjúkrahússins aukist og sýnt væri fram að orsakasamhengið um að aukin afköst skapa auknar tekjur og að sú regla ætti að gilda jafnt á sjúkrahúsum sem og í annarri átvinnustarfsemi.

Öll þróun í sérhæfðri læknispjónustu hefur miðað að því að stytta þann tíma sem folk þarf að liggja á sjúkrahúsi og láta þess í stað aðgerðir og meðferð sem hægt er að sinna utan sjúkrahúsa

koma í staðinn. Eins og málum háttar nú er hætt við að sjúkrahús verði skilin eftir með fá, erfið, sérhæfð og dýr verkefni til að glima við á meðan bæði afkastageta þeirra stendur til annars og meira og augljós fjárhagsleg hagkvæmni fylgir því að sinna öðrum verkfnum, samhliða binum dýrari og sérhæfðari viðfangsefnum.

Sú hugsun sem hér að baki býr er sú sama og ég hef margssinnis áður lýst í ræðu og riti. Hún er sú að til að fjármunir þeir sem samfélagið veitir til sérhæfðrar læknispjónustu nýtist sem best þá ætti að fela einum aðila að kaupa þá þjónustu af sjálfstæðum læknastofum og sjúkrahúsum þó þau séu ríkisrekin. Sá kaupaðili getur verið Tryggingastofnun ríkisins eða einhver annar sambærilegur aðili sjúkratrygginga. Með sjúkrahúsini í hópi viðsemjenda sjúkratrygginga, um verðlag á aðgerðum og meðferð, þá hefur staða ríkisins, sem kaupanda þjónustunnar, líka batnað frá því sem nú er með fjölgun í þeim einsleita hóp viðsemjenda sem hún hefur þar við að semja.

Tryggingastofnun – frumkvæðisstofnun

Á fundinum hér á eftir verður fjallað um mikilsverða málaflokka. Lyfjakostnaður er einn þeirra þar sem aldurssamsetning þjóðarinnar, færri legudagar á sjúkrahúsum auk fjölda annarra þáttta, veldur stöðugt auknum kostnaði í samfélagini af lyfjum. Öflugt gagnasað um lyfjamál og virk lyfjadeild Tryggingastofnunar sem hefur hæfileika og burði til að vinna úr þeim upplýsingum eru bestu tæki ríkisins til að glima við þennan kostnað.

Atvinnusjúkdómar er annar þeirra málaflokka sem fjallað verður um hér á eftir. Þeir sjúkdómar líkt og flestir aðrir koma sem hrjá landsmenn koma fyrr eða síðar inn á borð starfsmanna Tryggingastofnunar. Þar líkt og annarsstaðar eru forvarnir og snemmbær uppgötvun meins lykillinn að bættri heilsu þeirra sem fyrir verða og minni kostnaði samfélagsins af sjúkdómnum.

Ársfundur Tryggingastofnunar ríkisins

föstudaginn 19. október 2001
í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs

Ræða Bolla Héðinssonar, hagfræðings, formanns tryggingaráðs

Ég hef áður hér á ársfundum Tryggingastofnunar gert sjúkrahús og fjárhagsvanda þeirra að umfjöllunarefni og mun einnig drepa á þau mál nú. Vel kann að vera að einhver spyrji hvað rekstur og fjármögnun sjúkrahúsa komi Tryggingastofnun ríkisins og íslenskum almannatryggingum við. Þessi mál eru að sjálfssögðu nátengd ef skyggst er undir yfirborðið og heilbrigðismálín skoðuð í viðara samhengi en aðeins út frá einstökum stofnunum.

Samkvæmt lögum þá háttar heilbrigðispjónustu í landinu með tvennu móti. - Annars vegar sú þjónusta sem veitt er inni á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum og hins vegar sú þjónusta sem er ekki veitt þar og Tryggingastofnun er falið að semja um við viðkomandi starfsstéttir, t.d. læknar og sjúkrapjálfara. Stofnanirnar, þær sem áður er getið, fá aftur á móti, eins og kunnugt er, fé á fjárlögum ríkisins frá einu ári til annars.

Þó svo að þessi tvískipting hafi verið þær hugmyndir, sem lagt var upp með, um skipulag heilbrigðispjónustunnar, þá hefur reyndin orðið önnur enda eru skilin milli sjúkrahúsa og annarar þjónustu alls ekki jafn glögg og var fyrir 30 – 40 árum þegar þessi stefna var mótuð. - Staðreyndin er sú að margt af því sem nú er gert innan sjúkrahúsa mætti allt eins gera utan þeirra og öfugt. En hvað ræður því hvar aðgerðir og meðhöndlun sjúklinga fer fram? Er þar horft til þess að aðgerðir séu framkvæmdar þar sem þær eru ódýrastar þannig að sem flestir fái notið? - Eða eru það helberar tilviljanir sem ráða? Aðeins þannig að leitað sé ódýrustu leiða eru líkindi til að biðlistar styttil, fleiri aðgerðir séu gerðar, enda annað ekki forsvaranlegt en að einskis sé látið ófreistað til að fá sem mest fyrir þá takmörkuðu fjármuni sem eru til ráðstöfunar.

Læknar hverfa af sjúkrahúsum til einkastofa

Umræðan um þá þróun að læknar starfandi innan sjúkrahúsanna leita í auknum mæli eftir að starfa utan þeirra, til að sinna þar sömu viðfangsefnum og þeir höfðu áður með höndum innan veggja spítalans, ber eðlilega á góma þegar rætt er um fjárhagsvanda sjúkrahúsanna. Með því að læknarnir fara út af sjúkrahúsunum þá sýnir spítalinn betri afkomu á pappírnum en endanlegur kostnaður, sem oft reynist vera hærri, er borinn af sömu aðilunum, skattgreiðendum. Einnig má ekki gleyma þeim neikvæðu áhrifum sem þetta hefur á sjúkrahúsin þegar að ákveðin þekking hverfur þaðan. Fyrir Háskólasjúkrahús er það auðvitað sérstaklega bagalegt og má reyndar alls ekki gerast að þaðan hverfi þekking og reynsla sem þá er ekki gerlegt að miðla áfram.

Í þessu er auðvitað ekkert vit, að spítalar sýna betri afkomu með því að læknar hverfi þaðan til að stunda einkapraxís á sama sviði. Þessi leikur er samt leikinn vegna þess að fjármunirnir koma annars vegar úr vinstri vasa þjóðarinnar, sem er Tryggingastofnun og hins vegar úr hægri vasanum, sem eru bein framlög af fjárlögum ríkisins. Skattgreiðendur borga brúsann á endanum, hvor leiðin sem er valin. Vegna þeirrar tvískiptingar á formi greiðslunnar frá ríkinu þá verður misbrestur að sú regla sé í heiðri höfð, að reynt sé að fá sem mest fyrir peningana, óháð því hvar þjónustan er veitt eða hver veitir hana.

Einföldstu og skjótstu viðbrögðin við hráskinnaleik af þessu tagi væri að heimila Tryggingastofnun að semja einnig við spítala um þau læknisverk og aðgerðir sem Tryggingastofnun er aðeins heimilt að semja um við sérfræðilækna utan sjúkrahúsanna nú. - Meginkosturinn við þessa breytingu væri sá að spítalarnir væru þá komnir með sambærilega samninga og læknum hefur staðið til boða fram að þessu;

- spítalarnir geta þá hagnýtt sér alla þá aðstöðu sem þeir hafa nú þegar og þannig aukið tekjur sínar með auknum verkefnum. - Svo það valdi engum misskilningi þá er hér er ekki stungið upp á að horfið verði astur til hinna svonefndu „ferliverka” sem eru allt annar handleggur því samkvæmt því sem ég hef hér að framan lýst það skiptir það meginmáli að það er spítalinn sjálfur sem yrði viðsemjandi Tryggingastofnunar en ekki einstakir læknar. Á því er grundvallarmunur.

Þær hugmyndir sem ég hef nú lýst tengjast þeirri viðhorfsbreytingu sem þarf að eiga sér stað gagnvart aðilunum sem veita heilbrigðisþjónustuna. Hér á ég við að hætta verður að horfa á lækna og aðrar heilbrigðisstéttir sem einu viðsemjendur ríkisins til að veita þjónustu, vænlegra er að horfa til stofnananna sjálfra og láta það í hendur þeirra hvernig og með hvaða kjörum þær ráða sér starfsfólk til að sinna þeim verkum sem þær hafa tekið að sér að vinna.

Áviningur ríkissjóðs og sjúklinga af slikri stefnubreytingu væri að mínu mati sá að fjármunir nýttust betur, hægt væri að gera fleiri aðgerðir og biðlistar styttust. Ég hef áður kynnt sambærilegar hugmyndir um að heppilegast væri að til væri eitt sjúkrasamlag allra landsmanna, sameiginlegur sjóður okkar allra, sem greiddi fyrir alla sjúkraþjónustu hver svo sem veitir hana og hvar sem hún er veitt, hvort heldur það er innan sjúkrahúsa eða utan þeirra, hér á landi eða erlendis.

Einnig í heilsugæslunni

Ef við höldum áfram og áttum okkur á þessari breytru nálgun að viðfangsefninu „heilbrigðisþjónusta við landsmenn alla” þá skulum við sjá fyrir okkur hvernig þetta yrði yfirfært yfir á heilsugæsluna.

Ábyrgð á heilsugæslunni væri hiklaust betur komin á vegum sveitarfélaganna í landinu heldur en á ábyrgð ríkisins. Hér er um að ræða þjónustu sem stendur íbúum hvers sveitarfélags býsna nærrí og í umræðunni um aukið hlutverk sveitarfélaganna í samfélagsþjónustunni, þá væri margan hátt kjörið að fela þeim heilsugæsluna.

Aðstæður geta verið svo mismunandi hvort heldur er í borg eða bæ, dreifbýli eða þéttbýli, að byggðunum sjálfum er best treystandi til að velja það fyrirkomulag heilsugæslunnar sem þau telja að þjóni best íbúum svæðisins. Sveitarfélögum væri það síðan í sjálfsvald sett hvort þau kjósa að reka stöðvarnar sjálf eða ákveða að fela öðrum þann rekstur. Hið sameiginlega sjúkrasamlag landsmanna mundi, með sama hætti og það semur við sjúkrahús, semja um verð verka og aðgerða við viðkomandi heilsugæslustöðvar óháð rekstarfyrirkomulagi þeirra. Fyrir greiðandann, ríkið, skiptir það ekki öllu máli, heldur aðeins það að allir landsmenn hafi aðgang að heilsugæslu hvar svo sem þeir búa.

Tryggingastofnun sjálf

Innan Tryggingastofnunar reynum við að haga okkur í samræmi við það sem hér á undan er lýst, eins og það blasir við okkur og þeim rekstri sem þar fer fram. Í Tryggingastofnun er þegar hafin vinna að því að gera stofnunina í stakk búna til að gera svokallaðan árangurssamning um stjórnun og rekstur stofnunarinnar við Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Til að slíkir samningar verði ekki hjóm eitt þá er brýnt að vanda vel til undirbúnings þeirra og það viljum við hjá Tryggingastofnun gera og reynum að undirbúa verkið vel.

Það sýnir sig hversu brýnt er að hafa slíkan samning þegar stöðugt fjölgar þeim verkefnum sem á stofnunina eru lagðar sem verða ekki leyst þar án aukins reksturskostnaðar og þannig brýnt að fjármagn fylgi umsvifum ekki síður á vettvangi Tryggingastofnunar heldur en öðrum stofnunum hvort sem þær eru í eigu ríkis, sveitarfélaga eða einkaaðila.

**Ársfundur Tryggingastofnunar ríkisins 2002
haldinn föstudaginn 11. október kl. 14.00
í Salmum, Tónlistarhúsi Kópavogs.**

Ávarp Bolla Héðinssonar, hagfræðings, formanns tryggingaráðs.

Innan Tryggingastofnunar og í stjórn stofnunarinnar, tryggingaráði, eru einstaklingar sem leggja sig fram í verkum sínum til að vera trúir þeim störfum sem þeim hafa verið falin. Trú því að með starfi sínu auðnist þeim að þjóna þeim sem þurfa að sækja til Tryggingastofnunar. En þetta er ekki alltaf auðvelt. Ein mikilvægasta forsenda þess að starfið gangi snurðulaust fyrir sig er að til séu skýrar reglur fyrir starfsmenn að fara eftir og að undantekningarnar frá gildandi reglum séu sem fæstar. Mikilvægt er að reglurnar hafi verið birtar opinberlega svo öllum þeim sem undir reglurnar falla sé ljós hver réttur þeirra er.

Eftir að tryggingaráð beitti sér fyrir því að samdar voru tillögur um *Úrskurðarnefnd almannatrygginga*, sem síðar voru lagðar fyrir Alþingi og samþykktar þar, þá hefur tryggingaráð einbeitt sér að því að birta opinberlega og semja, þar sem þörf var á, reglur sem áður giltu óskrifðar. Þegar hefur mikið orðið ágengt í þessum efnunum þó enn sé þar verk óunnið. Sumar reglurnar eru e.t.v. ekki annað en opinber birting vinnureglna sem viðgengist hafa lengi eða þá reglur sem Tryggingastofnun ber að setja eða gera tillögur um til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Gott dæmi um mjög vel heppnaða samvinnu Tryggingastofnunar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er þegar tryggingaráð var skyndilega sett í þá stöðu í fyrr á þessu ári að þurfa að setja reglur um sjúkrabjálfun vegna kjaradeilu við sjúkrabjálfa. Fráleitt væri að ætla að Tryggingastofnun færi að hegða sér öndvert við ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála við setningu slíkra reglina, eins og mun hafa hvarflað að einhverjum á meðan mál þessi gengu yfir, en staðreynindin er sú að ekki komst hnífurinn á milli ráðuneytisins og Tryggingastofnunar meðan þessi mál gengu yfir sem síðan leiddi til niðurstöðu sem bæði sjúkrabjálfarar og ríkisvaldið urðu ásátt um.

Endurskoðun lífeyristryggingakerfisins.

Regluverk og kerfi eiga það til að hrörna með tímanum og er þá farið að bæta í þau til að lagfæra það sem betur má fara. Þannig háttar með okkar ágætu lífeyristryggingar að langt er um liðið frá því að þær urðu til og hafa þær verið margssinnis lagfærðar síðan. Allar ríkisstjórnir síðustu áratuga hafa hins vegar einsett sér að ráðast í það verkefni að endurskoða lífeyristryggingakerfið frá grunni. Slíkt er hins vegar ekkert áhlaupsverk og því búum við enn við kerfi sem er óþarflega margbrotið og óaðgengilegt en sem þó hefur skilað okkur lífeyristryggingum sem þjóðin getur verið stolt af.

Við endurskoðun lífeyristryggingakerfisins, sem auðvitað mun verða fyrr en síðar, þá ber brýna nauðsyn til að huga að nýjum leiðum sem gætu gert kerfið skilvirkara og einfaldara. Vil ég í því sambandi rifja upp hugmynd sem ég setti fram hér á þessum vettvangi fyrir fáeinum árum þar sem ég lagði til að lífeyrissjóðunum í landinu yrði

ætlað stærra hlutverk við framkvæmd greiðslu lífeyristryggingabóta almannatrygginga. Vel mætti hugsa sér að lífeyrissjóðirnir tækju það að sér, hver og einn, að sjá um allar greiðslur til sjóðfélaga sinna, bæði eigin greiðslur og greiðslur almannatrygginga. Sæju sjóðirnir þá um það í umboði ríkisins, sem fjármagnaði greiðslurnar, en lífeyristryggingapátturinn hyrfi með öllu frá Tryggingastofnun. Ég held enn að hér hafi lífeyrissjóðirnir hlutverki að gegna sem þeir geta sem hægast tekið við af ríkisvaldinu.

Í lífeyristryggingum jafnt og sjúkratryggingum þá er lykilatriðið í öllu starfi og viðfangsefnum spurningin um hvernig að varið sé þeim peningum sem ríkisvaldið leggur í þennan málaflokk og hvort verið sé að nýta peningana þannig að komi flestum vel og að ekki sé um sóun að ræða.

Spítalar – menntastofnanir.

Útgjöld vegna sérfræðilæknispjónustu og hallarekstur sjúkrahúsanna eru grein á sama meiði útgjalda ríkissjóðs til heilbrigðismála. Við skulum ekki ofgera í orðum þegar heilbrigðiskerfið er annarsvegar því það hefur skilað góðum árangri, en kerfið býr við strúkturvanda um heppilegustu verkaskiptingu og heppilegustu dreifingu fjármuna á viðfangsefni. Strúkturvandi heilbrigðikerfisins snýr að sjúkrahúsunum, sérfræðilæknispjónustunni og heimilislæknispjónustunni og innbyrðis skiptingu fjármuna og verkefna.

Það er komið á annan áratug frá því ég lýsti þeirri skoðun minni að ég teldi að þessi strúkturvandi yrði ekki leystur nema með því að fjármunum þeim sem ríkið ver til heilbrigðispjónustunnar, þeim yrði veitt frá einum og sama kaupanda þjónustunnar til einstakra heilbrigðisstofnanna á grundvelli þeirra verka sem þær framkvæma en ekki samkvæmt fyrirfram gerðum fjárlögum fyrir hverja og eina stofnun.

Það er ánægjulegt til þess að vita að nú, öllum þessum árum síðar, þá virðist sem svo að skilningur á rótum þessa vanda heilbrigðiskerfisins sé að aukast og fyrstu skrefin til kostnaðargreiningar inni á sjúkrahúsunum hafa verið stigin, sem munu gera þau betur í stakk búin til að semja um þau verk sem þeim er falið að standa skil á. - Stöðugt opnast fleiri augu fyrir því að ekki næst skynsamleg niðurstaða um skiptingu fjármuna innan heilbrigðiskerfisins fyrr en skilið verður á milli tryggingarþáttarins; þess hluta ríkisvaldsins sem greiðir fyrir þjónustuna og hins vegar stofnana sem veita hana.

Á margan hátt hefði það verið heppilegra þegar Landspítali Háskólasjúkrahús varð til að sjúkrahúsið hefði verið afhent Háskóla Íslands til eignar og reksturs en ráðamenn heilbrigðismála tækju eingöngu að sér að semja um spítalabjónustuna en ekki að reka hana. Landspítalanum væri þá í sjálfsvald sett hvort hann kysi að leggja aðrar áherslur í störfum sínum. Heilbrigðisyfirvöld myndu hinsvegar aldrei greiða nema fyrir það sem að sjúklingnum og velferð hans snýr. Kjósi spítalinn að leggja áherslu á rannsóknir og kennslu samhliða ummönnum og meðferð sjúklinga þá yrði hann einfaldlega að sækja þá fjármuni annað en til heilbrigðisyfirvalda.

Mér segir svo hugur um að þannig komi það á daginn að um 15% allra útgjalda Landspítala eru ekki heilbrigðisútgjöld, í þeim skilningi, heldur útgjöld vegna menntunar heilbrigðisstéttu sem eru ranglega talin með heilbrigðisútgjöldum nú. - En svo ekkert fari á milli mála þá er það deginum ljósara að það er ríkisins að greiða fyrir hvoru-

tveggja, framlögin til heilbrigðismála og menntamála, en þrátt fyrir allt þá er þetta sitt hvor málaflokkurinn og sitt hvort viðfangsefnið sem allra hluta vegna væri eðlilegra að setja undir sinn hvorn hattinn.

Sérfræðilæknisþjónusta.

Það er óvíða í veröldinni svo að allir læknar, hvaða sérgrein sem þeir hafa menntað sig til, skuli sjálfkrafa eiga rétt á því að komast á samning við ríkið sem síðan er skuld-bundið til að kaupa af lækninum þjónustu hans hvort sem talin er þörf fyrir hana eða ekki. Nú skal ég ekki bera á móti því að á margan hátt hefur þetta verið þægilegt fyrirkomulag, en við hljótum að þurfa að spryra okkur hvort við höfum efni á því.

Samtök lækna verða að gera það upp við sig hvort þeim finnist eitthvað gefandi fyrir hinn frjálsa aðgang lækna að því að komast á samning hjá heilbrigðisráðuneytinu og ef svo er, hvað þeir vilji leggja eitthvað af mörkum til að halda því svo áfram. Þeir hljóta að spryra sig hvort ekki væri heppilegra að betri dreifing starfa yrði til einstakra félaga þeirra og hvort eðlilegt sé að læknar með 100% praxis úti í bæ eigi jafnframt að halda stöðum sínum inni á spítulunum sem aðrir læknar vildu gjarnan komast í.


Samtök lækna hljóta að átta sig á því að ef ekki tekst að stemma stigu við útgjalda-aukningu ríkisins, á sviði sérfræðilæknishálpar utan sjúkrahúsa, þá eru þeir að safna glóðum elds að höfði sér. Ríkisvaldið á ekki marga kosti í þeirri stöðu sem er annað-hvort að takmarka fjölda þeirra sérfræðilækna sem samið er við eða halda greiðslum til þeirra í lágmarki t.d. með því að takmarka aðgang að þeim með tilvísanakerfi.

Ef við viljum halda óbreyttum aðgangi að sérfræðilæknum þá eigum við líka að spryja okkur hversvegna eigi yfirleitt að semja um sérfræðiálag í töxtum til sérfræðilækna yfirleitt? Hversvega viðgengst eitthvað sérfræðiálag þegar svo til allir læknar eru orðnor sérfræðingar á einhverju sviði? Er lægri sérfræðilæknistaxti e.t.v. gjaldið sem sérfræðilæknar þurfa að greiða fyrir það að sleppa við tilvísanakerfið og til að halda nýliðun í stéttinni opinni? Þetta eru áleitnar spurningar sem ég held að bæði læknar og heilbrigðisyfrovöld geti ekki látið hjá líða að svara.

Þau vandamál sem við er að glíma innan heilbrigðisþjónustunnar verða ekki leyst með auknum fjárfamlögum án þess fjalla um uppbyggingu hennar í heild og þann strukturvanda sem að henni steðjar og ég gerði hér að umtalsefni. Frjáls og fordómalaus skoðanaskipti um hvaðeina sem betur má fara eru til þess fallin að koma með hug-myndir sem síðan geta leyst þau vandamál sem við er að etja. Til þess eru fundir af þessu tagi vel til fallnir.

Óhætt er að fullyrða að um flesta meginþætti íslenska velferðarsamfélagsins hefur ríkt mikil og góð samstaða sem tekur út yfir stjórnámaskoðanir manna og bá flokka sem þeir hafa skipað sér í. Heilbrigðisráðherra hefur fullyrkt, að með þeim aðgerðum sem hann hefur nú þegar gripið til og hyggst taka á til enn frekari sparnaðar, þá sé alls ekki fyrirhugað að skerða bá þjónustu sem veitt er; þjónustuna eigi aðeins að veita með öðrum hætti og hagkvæmari. Ekki er ástæða til að draga í efa að þetta er hægt.

Spurningarnar sem vakna eru hvort þær aðgerðir sem beita á til



„Landspítalinn yrði fyrst og fremst rannsóknar- og kennsluspítali og alfaríð rekinn sem sílur af Háskóla Íslands.“

Áríkið að reka spítala?

að ná fram sparnaði séu þær bestu sem völ er á og hvort hægt sé að ná þessu markmiði yfirleitt, með því að lappa upp á núverandi kerfi, í stað þess að umbylta því.

Íslenska heilbrigðiskerfið stendur á þeim tímamótum að ekki verður lengur unað við það lögsmál að auka stöðugt við það sem fyrir er, heldur verður að staldra við, velta hverri krónu og gæta að hvernig henni verður best varið. Þetta mikilsverða starf hófst þegar í tíð Guðmundar Bjarnasonar, fyrrum heilbrigðisráðherra, og óhjákvæmilega var þráðurinn tekinn upp af eftirmanni hans.

Ríkið láti öðrum eftir reksturinn

Sá þáttur sparnaðar í heilbrigðisbjónustu, sem orðið hefur fyrir hvað mestri gagnrýni, er fyrirhugð lokun og sameining sjúkrahúsa eða umbreyting þeirra í hjúkrunarstofnanir. Þessar fyrirhuguð breytingar og hvernig þær ber að leiða hugann að því hvort eðlilegt sé að ríkið reki sjúkrahús með þeim hætti sem nú er gert og taki ákvarðanir um hvort þau skuli starfrækt áfram eða þeim lokað. Það sem skiptir almenning mestu máli er að ríkisvaldið tryggi að allir fái notið sörnu bjónustu og að fyrir hana sé greitt úr sameiginlegum sjóði landsmannna allra.

Leiðin til að ná sílur skipulagsbreytingu fram væri sú að láta Tryggingastofnun ríkisins um að greiða fyrir alla sérfræðilæknisbjónustu, hvort sem hún fer fram hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum eða inni á sjúkrahúsum. Nú greiðir Tryggingastofnun eingöngu fyrir sérfræðilæknishálp utan sjúkrahúsa, en kostnaður við

sjúkrahúsin er ýmist greiddur af fjárlögum heint eða eftir áætlubum rekstrarkostnaði (daggjöldum). Í hvorugu tilvikinu er nokkur hvatning til sjúkrastofnunarinnar til sparnaðar, t.d. með takmörkun á fjölda legudaga. Heppilegra væri að Tryggingastofnun semdi við sjúkrahús, líkt og hún gerir við sérfræðingu ná, um hvað greitt skuli fyrir aðgerðir og læknisverk, en rekstrarábyrgð sjúkrahúsanna yrði alfaríð í höndum annarra en ríkisins, sem aðeins keypti af þeim bjónustuna.

Gera má ráð fyrir að á vegum ríkisins yrði aðeins rekið eitt sjúkrahús, Landspítalinn yrði fyrst og fremst rannsóknar- og kennsluspítali og alfaríð rekinn sem sílur af Háskóla Íslands. Önnur sjúkrahús yrðu vœtanlega að mestu rekkin af sveitarfélögum en líka mætti hugsa sér að líknarfélögini afréðu að fara út í slikan rekstur.

Algjör tvískipting sérfræðilæknisbjónustunnar eftir því hvort hún er veitt inni á spítala eða hjá sérfræðingi „úti í bæ“ gerir að verkum að ekki er leitað ódýrustu leiða við að veita bá bjónustu, heldur undir

hælinn lagt hvar hún er veitt, með hvaða hætti og hvaða tilkostnaði.

Væri það hins vegar á sömu hendi að greiða fyrir sérfræðilæknisbjónustuna, hvort sem hún væri veitt inni á spítala eða utan hans, þá gæti Tryggingastofnun beint bjónustunni þangað sem hún er ódýrust.

„Algjör tvískipting sérfræðilæknisbjónustunnar eftir því hvort hún er veitt inni á spítala eða hjá sérfræðingi „úti í bæ“ gerir það að verkum að ekki er leitað ódýrustu leiða við að veita bá bjónustu ...“

Hugmyndafræði sjúkratrygginga

Í reynd er hér ekki um frumlega hugmynd að ræða heldur „horfið aftur til upphafsins“ til þeirrar hugmyndar að tryggingarfélag eða sjúkrasamlag veiti öllum sjúkraptryggingu og greiði fyrir kostnað sem af veikindum hlýst, óháð því hvort sjúkrabjónustan er veitt innan eða utan sjúkrahúsa. Þannig yrði Tryggingastofnun gerð að tryggingarfélagi allra landsmanna er hlyti framlag af fjárlögum en væri falið að ráðstafa þeim fjármunum með þeim hætti sem hagkvæmast þætti.

Litu máli skipti í því sambandi hvort afraðið væri að verja meginhluta tekjuskattus, einstaklinga í þessu skyni og eyrnamerkja hann sem „tekjutengt sjúkratryggingaiðgjald“. Það er hins vegar í andstöðu við það sem stjórnvöld hafa viljað gera til þessa að eyrnamerkja ákveðnum málaflokkum og stofnum um stóran hluta af tekjustofnum ríkisins. Tekjutenging í því skyni að gera þá sem bjónustunnar njóta betur meðvæða um kostnað við hana, bjónar því aðeins tilgangi að menn njóti mismunandi bjónustu eftir því hvaða upphæðir þeir greiða.

Semi dæmi um þversögn í núver-

andi fyrirkomulagi má nefna nokkrar tegundir aðgerða sem Tryggingastofnun greiðir að fullu, eingöngu af því að þær fara fram á erlendum sjúkrahúsum. Hér er t.d. um að ræða leysigeislameðferð á valbrá. Nú fara sílur aðgerðir fram á sjúkrahúsi í New York og Tryggingastofnun borgar reikninga hins erlenda spítala auk ferðakostnaðar. Engin sérstök hvatning er fyrir innlend sjúkrahús að flytja þessar aðgerðir hingað heim með kaupum á þeim búnaði er til þarf og kostar tiltlulega litlar fjárhæðir miðað við þann kostnað sem Tryggingastofnun þarf að inna af hendi nú. Að vísu hefur verið ákveðið að kaupa sílik tæki, en spítalarnir, sem eru reknir fyrir framlög af fjárlögum eiga óhægt um vik með að verða sér úti um þá fjar-muni er þarf.

Tryggingastofnun borgi jafnt innlendum og erlendum sjúkrahúsum

Þetta er lýsandi dæmi um hvernig breytt fyrirkomulag gæti stuðlað að sparnaði og bættum rekstri, fyrirkomulag þar sem Tryggingastofnun sæi um að greiða fyrir læknispjónustu, óháð því hvort hún fer fram innan eða utan spítala. Í tilviki leysigeislataðisins gæti sjúkrahús, t.d. St. Jósefsspítalinn í Hafnarfirði, einfaldlega slegið lán í Sparisjóði Hafnarfjörðar fyrir leysigeislataðinu og farið að veita Íslendingum bá bjónustu í Hafnarfirði sem nú er veitt i New York.

Tryggingastofnun þyrfti ekki að borga nema brot af þeim kostnaði sem nú er greiddur og St. Jósefsspítalinn hefði tryggt sér ágætar tekjur og e.t.v. áframhaldandi rekstur. Sama gildir þeð um glasafrögvunar og hjartaaðgerðir sem Tryggingastofnun borgar fyrir á erlendum sjúkrahúsum því fjárhagslegur hvati innlendra sjúkrahúsa til að veita bá bjónustu er nánast enginn.

Skipulag læknispjónustu í ætt við það sem eg hef hér lýst þýðir umþyltingu frá núverandi fyrirkomulagi sjúkrahúsa og sérfræðilæknisbjónustunnar auk þess sem hér yrði um grundvallarbreytingu að ræða á skipulagi og starfsháttum Tryggingastofnunar ríkisins. Sparnaðarleiðirnar eru hins vegar ekki margar og ef að ná raunverulegum árangri án bjónustu-sköringar þýðir ekki annað en gjörþyting staðnaðs fyrirkomulags.

Bolli Héðinsson



Bolli Héðinsson
fyrvv. formaður Tryggingaráðs

„Greisur fyrir sérfræðilæknispjónustu eru nú algjörlega tvískiptar eftir því hvort þjónustan er veitt á lækningsstofu sérfræðings úti í bæ eða inni á spítala.“

Eru réttir aðilar að taka rangar ákvarðanir?

Hrossalæknigar á sjúkrahúsum

Pegar teknar eru ákvarðanir um sparnað í rekstri sjúkrahúsa er verr af stað farið en heima setið ef gripnar eru úr lausu lofti upphæðir og síðan sagt að nú skuli þær sparnaðar, í stað sparnaðar sem lýtur fyrirfram ákveðinni stefnumörku.

Þessi aðferð, til að ná fram sparnaði, mun án efa gagna gegn samfellið starfi liðinna áratuga til uppyggingar tækjakosts, bekkingar og reynslu.

Greinir á um leiðir

Rekstur sjúkrahúsa er í eðli sínu starfsemi af því tagi að skyndiákvárdanir um breytt fyrirkomulag geta orðið til þess að fjárfestingar og kunnáttu, sem byggð hefur verið upp á löngum tíma, glatast. Raunverulegum sparnaði í rekstri sjúkrahúsa er því aðeins hægt að ná fram að unnið sé eftir fyrirfram ákvárdöri stefnu til langs tíma en ekki ráðist í illa grundaðar skyndiágerðir.


Formenn læknaráða spítalanna í Reykjavík hafa séð ástæðu til að vara við því neyðarástandi sem kynni að skapast af völdum hins fyrirkipaða sparnaðar og bent á verri þjónustu og aukinn kostnað samfélagsins af slikum ráðstöfunum þegar til lengdar lætur.

Ekki er deilt um að í rekstri sjúkrahúsa er hægt að ná fram verulegum sparnaði. Menn greinir á um leiðir og hvort rangir aðilar eru að taka réttar ákvarðanir um hvaða sjúkrahús og deildir skuli starfræktar eða sameinaðar.

Sjúkratryggingar greiði fyrir þjónustuna – aðrir sjái um reksturinn

Í hnottskurn er vandamálið það að ríkisvaldið hefur í tijans rás axlað of mikla fjárhagslega ábyrgð með því fyrirkomulagi að greiða rekstur sjúkrahúsa með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði, í stað þess að greiða sjúkrahúsunum eingöngu fyrir tiltekna veitta þjónustu (læknisverk, aðgerðir og ummönnum) en láta öðrum eftir reksturinn. Til að ná fram sparnaði væri því heppilegast að ríkið hafi þá löngu vegferð með því að losa sig frá spít-

Kjallarinn



Bolli Héðinsson
fyrv. formaður Tryggingaráðs

komandi spítala og kostnaður er óviss.

Valdið i höndum heimamanna

Viðs vegar af landinu, þar sem starfrækt eru sjúkrahús, berast fréttir af því að með miðstýrðum ákvörðunum heilbrigðisstjórnarinnar eigi að gera út um hvernig rekstri þessara spítala elgi að háttá í framtíðinni og hvaða starfsemi skuli fara þar fram.

Mun æskilegra væri að aðrir aðil- ar en ríkið, fyrst og fremst einstök sveitarfélög, bæru alfarð ábyrgð á rekstri spítalanna en „seldu“ sjúkratryggingunum „þjónustu“ sina á umsöndu verði. Með þeim hætti kemur sérhæfing sjúkrahússanna af sjálfu sér, án afskipta ríkis-

„Til að ná fram sparnaði væri því heppilegast að ríkið hafi þá löngu vegferð með því að losa sig frá spítala-rekstri sem mest það má og fela Tryggingastofnun ríkisins sem vörlslaðila sameiginlegs sjúkrasjóðs allra landsmanna að hefja samningaviðræður við einstaka spítala...“

alarekstri sem mest það má og fela Tryggingastofnun ríkisins, sem vörlslaðila sameiginlegs sjúkrasjóðs allra landsmanna, að hefja samningaviðræður við einstaka spítala um greiðslur fyrir sérfræðilæknispjónustu og umönnun inni á spítulum, líkt og nú er gert við sérfræðinga utan spítala.

Greiðslur fyrir sérfræðilæknispjónustu eru nú algjörlega tvískiptar eftir því hvort þjónustan er veitt á lækningsstofu sérfræðings úti í bæ eða inni á spítala. Í minni háttar tilvikum kann að vera um svipaðar aðgerðir að ræða. Fari aðgerðin fram á stofu sérfræðingsins greiðir Tryggingastofnun samkvæmt umsöndum taxta og lýkur þar afskiptum ríkisins af stofurekstri sérfræðingsins. Fari aðgerðin hins vegar fram inni á sjúkrahúsi greiðist ein aðgerð af heildarframlagi ríkisins til við-

valdsins af því hvar og með hvaða hætti spítalarnir eru reknir.

Sjálfsgagt má lengi skrifa um hvaða stærð spítala er hagkvæmst og ekkert svar einhlið. Jafnvel þó saman væru dregnir allir ápreifanlegir þættir í rekstri spítala og reynt að finna bannig út svarið geta margir aðrir þættir, sem erfiðara er að henda reiður á, haft sitt að segja.

Pannig er sýnt að þótt sýna megi fram að að sjúkrahús reiki á einum stað standist alls ekki þær „arð-semiskrófur“ sem gera á til sjúkrahúsa þá byrfti það að vera í höndum viðkomandi sveitarstjórnar að ákveða hvort þær taki á sig halla af rekstri spítalans, t.d. til að geta áfram boðið upp á þjónustu sjúkrahússins í byggðarlaginu eða til að halda í þau störf sem skapast við rekstur sjúkrahúss.

Bolli Héðinsson